

Akureyrarbær kt. 410169 – 6229, Geislagötu 9, 600 Akureyri, annars vegar og Nökkvi félag siglingarmanna Akureyri (í samningi þessum nefnt Nökkvi), kt. 450979-0319, Drottningabraut, 600 Akureyri, hins vegar gera með sér svofelldan

## Uppbyggingar- og framkvæmdasamningur

### 1. gr.

Samningurinn tekur til uppbyggingar og framkvæmda á félagssvæði Nökkva við Drottningabraut á Akureyri.

### 2. gr.

Akureyrarbær fellst á að umræddar framkvæmdir verði í samræmi við framkvæmda- og kostnaðaráætlun Nökkva dagsett 8. apríl 2014, merkt fylgiskjal 1.

Einnig mun Nökkvi fá afnot af tveimur færanlegum kennslustofum á félagssvæði sínu til að sinna hlutverki þjónustuhúss félagsins til bráðabirgða.

### 3. gr.

Akureyrarbær samþykkir að greiða Nökkva vegna framkvæmda samkvæmt 2. gr. samnings þessa kr. 75.000.000,- sjötíuogfimmilljónir - á árunum 2014 til 2018. Fyrsta greiðsla fer fram 1. júlí 2014. Greiðslurnar skulu greiddar til Nökkva 15. apríl ár hvert frá og með 2015 og skiptast þannig á milli ára:

Greitt 1. júlí 2014	kr. 15.000.000,-
Greitt 15. apríl 2015	kr. 15.000.000,-
Greitt 15. apríl 2016	kr. 15.000.000,-
Greitt 15. apríl 2017	kr. 15.000.000,-
Greitt 15. apríl 2018	kr. 15.000.000,-

Greiðslur taka ekki verðbreytingum á samningstíma.

Þessar fjárhæðir eru með fyrirvara um framlög úr bæjarsjóði á fjárhagsáætlun hvers árs.

Verði veruleg breyting á forsendum, taka aðilar upp viðræður um breytingar á framlagi Akureyrarbæjar og umfangi verkefna í því skyni að laga þau að breyttum aðstæðum. Nökkvi á ekki kröfu á bæjarsjóð eða rétt á bótum þótt framlag Akureyrarbæjar til samningsins skv. 1. mgr. verði lækkað eða fellt niður samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar.

### 4. gr.

Nökkva er óheimilt að leggja fram samning þennan sem veðsetningu fyrir láni nema með sérstöku leyfi og í fullu samráði við fjármálastjóra Akureyrarbæjar.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including a large signature at the top and the initials 'RFB' at the bottom.

### 5. gr.

Framkvæmdir samkvæmt framkvæmdaráætlun sem fylgir þessum samningi eru í höndum og á ábyrgð Nökka í fullu samráði við Fasteignir Akureyrarbæjar. Áætlað er að hefja framkvæmdir árið 2014 og ljúka þeim á árinu 2018.

Akureyrarbær áskilur sér rétt til að fylgjast með öllum framkvæmdum og kostnaðarliðum og að greiðslur úr bæjarsjóði verði ekki umfram framvindu framkvæmda hverju sinni.

Nökkvi skal skipa 5 manna verkefnislið vegna framkvæmdanna. Í verkefnaliðinu skulu vera þrír fulltrúar frá Nökkva og tveir fulltrúar frá Akureyrarbæ, einn frá framkvæmdadeild og einn frá samfélags- og mannréttindadeild. Hlutverk verkefnisliðsins er að hafa yfirumsjón með framkvæmdunum og skila verkskýrslu til Akureyrarbæjar í desember ár hvert á samningstímanum.

### 6. gr.

Eignarhlutur Akureyrarbæjar í framkvæmdinni verður samkvæmt framlagi bæjarins til verksins til móts við eignarhlut Nökkva sem reiknast til af framlagi félagsins til verksins. Akureyrarbær eignast allt jarðfast og eignarhlutur Nökkva verður einungis í lausum búnaði.

Framlag bæjarins til þessara framkvæmda verður eignfært í bókhaldi bæjarins.

### 7. gr.

Öll mannvirki sem munu verða á svæði Nökkvi eru óframseljanleg nema til komi samþykkt bæjarstjórnar Akureyrar og skal þá andvirðið renna eingöngu til starfsemi Nökkva. Leggi Nökkvi niður hluta af starfsemi sinni eða hætti alfarið rekstri eignast Akureyrarbær öll mannvirki og tæki í eigu Nökkva án þess að komi til greiðslu að hálfu Akureyrarbæjar.

### 8. gr.

Það er skilningur aðila að í framkvæmdir þessar sé ráðist til eflingar siglingaíþróttarinnar í bænum og að sem flestum gefist þar með kostur á þátttöku án óhóflegrar gjaldtöku. Sérstaklega eru aðilar áhugasamir um að efla áhuga æsku bæjarins á starfsemi siglingarfélagsins og að Nökkvi standi fyrir námskeiðum barna og unglinga í samvinnu við bæjarfélagið hér eftir sem hingað til.

### 9. gr.

Samningur þessi gildir frá undirritun hans til 31. desember 2018 og er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Til staðfestingar undirrita samningsaðilar samning þennan í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Vanefni annar hvor samningsaðila verulega skyldur sínar samkvæmt samningi þessum, er gagnaðilanum heimilt að rifta samningnum að undangenginni áskorun til þess er vanefnir, að hann láti af vanefndunum



innan 14 daga, að viðlagðri riftun samningsins verði vanefndirnar viðvarandi að loknum þeim fresti. Riftunaryfirlýsingin skal vera skrifleg, send viðtakanda með sannanlegum hætti og tilgreina skal skýrlega ástæður riftunarinnar

**10. gr.**

Rísi mál út af samningi þessum, einstökum ákvæðum hans eða framkvæmd skulu aðilar reyna sættir. Reynist nauðsynlegt að reka dómsmál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.


Akureyri, 28.05.2014

F.h. Akureyrarbæjar




Eiríkur Björn Björgvinsson  
bæjarstjóri


F.h. Nökkva



Rúnar Þór Björnsson  
formaður

Vottar:

 2403593089

 890772-5389